

**Ed.** **118. Frumvarp til laga** [86. mál]  
um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963.

Flm.: Alfreð Gíslason.

**1. gr.**

Aftan við staflið i í 49. gr. laganna kemur nýr stafliður, þannig:  
j. Tannlækningar að  $\frac{3}{4}$  hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn,  
og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.  
Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein sömu greinar  
falla niður.

## 2. gr.

Fyrsti málsliður 51. gr. laganna orðast svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 51. gr. orðast þannig:

Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin.

Í stað orðanna „samkvæmt 49. gr. b og c“ á tveim stöðum síðar í 51. gr. kemur: samkvæmt 49. gr. b, c og j.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

### Greinargerð.

Frumvarp, samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að tannlæknishjálpi skuli vera meðal þeirra réttinda, sem sjúkrasamlagsmenn njóta. Ákvæði um þetta hefur áður verið lögfest hér, en kom aldrei til framkvæmda. Í lögum um almannatryggingar 1946 segir svo í 79. gr.: „Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálpi sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldir tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálpi.“ Síðar í sömu lögum (85. gr.) er ákvæðið, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs, og að þessi læknishjálpi skuli ekki veitt umfram beina heilsufarslega nauðsyn.

Það var sem sagt horfið frá framkvæmd þessa lagaákvæðis, og í gildandi lögum um almannatryggingar finnst einungis marklitið heimild, sem er orðuð svo: „Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálpi vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar.“ Þessa heimild hafa sjúkrasamlög ekki notfært sér og litlar horfur á, að þau muni gera það.

Löggjöf um sjúkratryggingar er áfátt að verulegu leyti, ef í hana vantar skylduákvæði um tannlækningar, svo veigamikill þáttur er tannvernd og tannlæknishjálpi í almennri heilsugæzlu nútímans. Um þetta verður vart deilt, enda hafa þær þjóðir, sem við fullkornast tryggingakerfi búa, þegar fyrir löngu tekið tannlækningar inn í sjúkralöggjöf sína.

Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson, á nauðsyn þess, að tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálpi. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þessa seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, þá er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkuð um, hve fljótt menn leita tannlæknis. Fátaekt fólk gengur lengur með tannskemmdir, án þess að leita læknis, en þeir, sem betur eru efnum búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga, og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sjúkrasamlög sjá hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálpi að  $\frac{3}{4}$  kostnaðar. Undanskildar eru þó vissar aðgerðir, sem ekki teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli og fegrunaraðgerðir. Greiðslutaxti skal ákveðinn með samningum við stéttarsamtök tannlækna, og takist samningar ekki, skal með mál farið á sama hátt og um lækna væri að ræða. Rétt þykir, að Tryggingastofnuninni og sjúkrasamlögunum gefist tómi til undirbúnings þeirrar breytingar, sem af samþykkt frumvarpsins leiðir, og því er svo ákvæðið, að lög um tannlæknishjálpi öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1967.“

### **Þáttur Tryggingastofnunar.**

Um frumvarpið fór þannig í fyrra, að það var felld eftir 2. umræðu í fyrri deild, og mun álitssgerð Tryggingastofnunar ríkisins hafa átt drjúgan þátt í þeim mála-  
lokum.

Stofnunin taldi sig ekki geta mælt með samþykkt frumvarpsins vegna tann-  
læknaskorts í barnaskólunum. „Það hefur því verið talið óskynsamlegt“, segir í  
álitssgerðinni, „að sjúkrasamlög keppi við skólana um þá starfskrafta, sem hér um  
ræðir, en bíða heldur þar til skólatannlækningar væru komnar í gott horf.“

Hér er bersýnilega um tylliástæðu að ræða, tilreidda í því skyni að koma þörfu  
máli fyrir kattarnef. Það mundi tæpast valda skólunum erfiðisauka, að sjúkrasamlög-  
in gerðu samninga við stéttarfélag tannlækna. Hitt er miklu líklegra, að slíkir  
samningar yrðu á þann veg, að skólayfirvöldin stæðu betur að vígi eftir en áður  
í samkeppni um tannlæknaþjónustuna.

Annars snýst þetta mál um það eitt, hvort almenningur skuli öðlast rétt til að  
tryggja sig á þessu sviði sjúkrahjálpar sem öðrum. Tryggingastofnun ríkisins er sýni-  
lega mótfallin því, sennilega af þeirri ástæðu, að það hlýtur „að verða sjúkrasamlög-  
unum verulegt fjárhagslegt vandamál,“ eins og segir í álitssgerðinni. Þetta er uppgjafar-  
tónn, sem aðeins hæfir þreyttum mönnum og stírönuðu fyrirtæki, en ekki lífrænni  
velferðarstofnun. Hann minnir á þá hættu, að stofnanir spillist, ef ekki er stöðug  
gát höfð á. Að sjálfsögðu kosta tannlækningar mikið fé, en það greiðir þjóðin nú  
þegar. Þess vegna er spurningin einvörðungu um það, hvort jafna megi kostnaðinum  
þannig, að fátækir jafnt og ríkir fái notið læknishjálparinnar.

Lagafrumvarpið um tannlækningar á vegum sjúkrasamlaga fékk frekar daufar  
undirtektir í fyrra hjá félagi tannlækna, og er það tæpast láandi. Tannlæknar munu  
ekki bjartsýnir á hagfellda samninga við sjúkrasamlögin. Þó mun enginn ástæða  
til að ætla annað en að þeir verði til viðtals um þessi mál. Fyrir rúmum þrjátíu  
árum stóðu læknar í sömu sporum. Þá gengu þeir hikandi til leiks, en sömdu þó.  
Væntanlega er félagsþroski tannlæknanna ekki síðri nú en læknanna var fyrir aldar-  
þriðjungi. Á þetta hefur ekki reynt enn. Hitt er staðreynd, að sjálft þjónustutæki  
almennings, Tryggingastofnunin, er þungt í taumi, hvað þetta hagsmunamál alþjóðar  
snertir.